

185. Fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs.

25. janúar kl. 12:00 á Austurvegi 56.

Mætt: Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Notkun Kirkjuferjuháleigu.

Búið er að loka yfirborði urðunarreinar og hylja vinnusvæði. Fullnaðar frágangur fer fram í vor. Framkvæmdastjóra falið að kanna með mögulega tímabundna ráðstöfun á troðara og kanna sölu á bílum.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands færir starfsmönnum urðunarsvæðisins á Kirkjuferjuháleigu bestu þakkir fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf í gegnum tíðina, og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni.

2. Umhleðsluástaða, Kirkjuferjuháleigu eða Árborg.

Sveitarfélagið Ölfus hefur hafnað erindi Sorpstöðvarinnar vegna uppsetningar á umhleðslustöð á Kirkjuferjuháleigu.

Sambærilegt erindi sem sent var Sveitarfélaginu Árborg vegna uppsetningar á umhleðsluástöðu á gámasvæðinu í Árborg hefur verið tekið fyrir í bæjarráði og umhverfis- og skipulagsnefnd. Samþykkt var að vinna áfram að málinu í samvinnu við SOS.

Samþykkt að boða til kynningarfundar 4. febrúar kl. 13:00 um hugmyndir sem fram eru komnar um umhleðsluástöðu sbr. 2.mgr. í tillögum um framtíðarskipan í úrgangsmálum sem samþykktar voru á framhaldsaðalfundi SOS 20. nóvember sl.

Framkvæmdastjóra falið að boða til aukaaðalfundar 5. mars kl 13:00.

3. Nýr urðunarstaður.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu við undirbúning á nýjum urðunarstað. Minnisblað verður unnið og lagt fram á kynningarfundum 4. febrúar. Framkvæmdastjóra falið að senda erindi varðandi hugsanlegrar starfssemi á Nessandi.

4. Kæra Íslenska gámafélgsins vegna samkomulags Sorpu og SOS.

Málin eru í meðferð hlutaðeigandi stofnana. Ekki liggur fyrir hvenær úrskurða er að vænta.

5. Blátunna – fréttir og framhald.

Framkvæmdarstjóri gerði grein fyrir árangri í Blátunnuverkefnum, en blátunna er komin í notkun í Ölfusi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð. Árborg mun hefja dreifingu á Blátunnu í byrjun febrúar. Fram hefur komið að einhugur er um það í stjórn Sorpu að taka upp tveggja tunnu sorphirðukerfi á höfuðborgarsvæðinu sbr 6.lið hér að neðan.

6. Samráðsvettvangur – fundargerðir.

Haldinn var fundur í samráðsnefnd sorpsamlaganna á suðvesturlandi 21. desember 2009. Fundargerðin kynnt og yfirfarin.

7. Sambandið – fundargerðir.

Fundargerð frá 11. desember lögð fram til kynningar.

8. Förgun ehf.

Framkvæmdarstjóri lagði fram fundargerð og milliuppgjör og gerði grein fyrir stöðu mála.

9. Viðbragðsáætlun vegna inflúensufaraldurs, framhaldsumræða.

Málið rætt framkvæmdarstjóra falið að ganga frá og klára fyrir næsta fund.

10. Önnur mál.

- a) Bréf frá Sorpu, dags 3.12.2009 um upprunavottorð með úrgangi sem á uppruna utan höfðuðborgarsvæðisins, erindið kynnt.
- b) Fundargerð Sorpstöð Rangárvallasýslu nr. 114 varðandi 5. lið. Framkvæmdarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið.
- c) Bréf frá Hveragerði, dagsett 7. janúar, lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundislitið kl. 14:54